

Kaldrananeshreppur
Hlynur Torfi Torfason
Holtagötu
520 Drangsnæs

Reykjavík, 1. ágúst 2023
UST202307-323/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Kaldrananeshreppi 2010 – 2030 - Hveravík

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kaldrananeshrepps er barst 31. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010 – 2030 fyrir nýtt frístundasvæði í Hveravík og færsla verslunar- og þjónustusvæðis í Hveravík.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina nýtt 23 ha frístundasvæði FS12 fyrir 6 frístundahús. Við það eru 20,57 ha teknir úr landbúnaðarsvæði og 2,43 ha svæðisins verslunar og þjónustu AS-VP-1 er fært frá Reykjanesi austur að Akranesi.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem skipulagsbreytingin nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist það Hveravík. Verndarsvæðið nær til strandlengjunnar, fjörunnar og grunnsævið frá Reykjanesi að Akranesi. Svæðið er verndað vegna þess að þar er sérstætt dýralíf vegna jarðhita í sjó. Svæðið er merkt sem NMS-343 á uppdrætti aðalskipulagsins og fjallað er um svæðið í greinargerð, en svæðið virðist ekki vera afmarkað á uppdrætti.

Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að fjallað sé um svæðið í greinargerð aðalskipulagsbreytingarinnar og að það komi fram hver séu áhrif tillögunnar á svæðið á náttúruminjaskrá.

Skógrækt

Í greinargerð kemur fram að Reykjanesið er lágt og snýr strandlengja þess til suðausturs og nýtur bæði vel sólar og hefur gott útsýni yfir Steingrímsfjörð, Hrutafjarðarál og yfir á Vatnsnæs. Auk þess kemur fram að skógrækt verður kringum frístundahúsin til skjóls og yndis.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að hugað sé að skógrækt og annarri landgræðslu. Hins vegar bendir stofnunin á að skógrækt getur haft áhrif á ásynnd og landslag svæðisins og rýrt útsýni.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur